



Útgefið af AKÍS, yfirfarið af Keppnisráði í ralli 2017.

Þórður Bragason

Guðbergur Reynisson

Þórður Ingvason

Útgáfa 002/2017

REGLUR FYRIR GENGI J

Gengi J er skilgreint eins og að neðan greinir:

1. Series cross country cars (Category I Group T2)

Bifreiðar sem eru skilgreindar sem í viðauka J, grein 281 í árbók FIA um slíkar bifreiðar. Gildar keppnisheimildir verða ávallt að vera í bifreiðinni.

2. Modified cross country cars (Category II Group T1)

Bifreiðar sem eru skilgreindar sem í viðauka J, grein 281 í árbók FIA um slíkar bifreiðar. Gildar keppnisheimildir verða ávallt að vera í bifreiðinni.

3. Improved cross country cars (Category II Group T3)

Bifreiðar sem eru skilgreindar sem í viðauka J, grein 281 í árbók FIA um slíkar bifreiðar. Gildar keppnisheimildir verða ávallt að vera í bifreiðinni.

4. Opinn flokkur

4.1 Almenn

Opinn flokkur bifreiða sem ekki falla undir skilgreiningar í liðum 1. til 3. hér að ofan. Það þýðir að flestir bílar sem passa ekki inn í „opinn flokk“ geta mögulega passað í jeppaflokk undir reglum T1-T3

4.2 Skilgreining

Fjöldaframléiddar bifreiðar frá bifreiðaframléidda sem eru háðar þessum takmörkunum:

1. Bifreiðin þarf ekki að halda upprunalegu útliti í hvívetna, en hún þarf að standast almenna bifreiðaskoðun en breytingaskoðun er einnig lögleg.
2. Ekki þyngri en 3000kg.
3. Hafi gilda tryggingu og leyfi til aksturs á þjóðvegum.
4. Uppfylli öryggiskröfur FIA til bifreiða í rallakstri samkvæmt FIA Viðauka J grein 283
5. Hámarkshestöfl séu 300 hestöfl s.k.v. aflmælingu AKÍS.
6. Upphafleg grind eða styrktarvirki bifreiðar sé notað.
7. „Space frame“ er ekki leyft. (Ekki telst vera space frame þegar veltibúr er soðið á verksmiðjuframléidda grind)
8. Staðsetning vélar verður að vera þar sem hún er samkvæmt skráningu bifreiðar, það er að segja fram í eða aftur í. Heimilt er að færa og breyta hvalbak.
9. Drifbúnaðurinn þarf að samanstanda af girkassa/sjálfskiptingu, millikassa og drifsköftum tengdum millikassa og ganga fram og aftur úr millikassanum og tengjast þar með drifásnum bifreiðarinnar.



10. Hámarks vélarstærð er 6000cc.
11. (Línu eytt í 2017 útgáfu)
12. Vélatakmarkanir: Nota má hvaða vél sem er.
13. Við notkun á forþjöppu (turbo eða blásara) skal nota þrengingar samkvæmt reglum Fia en þó ekki þrengra en 34mm. Dieselvélar eru undanþegnar ef aðalskoðunarmaður AKÍS samþykkir það.
14. Dekk mega að hámarki verða 33" eða 10% stærra en þvermál dekkja er bifreiðin kemur á.

4.3 Breytingar

Allar breytingar sem ekki eru leyfðar hér að neðan eru bannaðar:

1. Breytingar nauðsynlegar til að uppfylla öryggiskröfur FIA eru leyfðar.
2. Aukamælum til að fylgjast með vél má koma fyrir.
3. Framsæti skulu vera keppnissæti.
4. Aftursæti má fjarlægja, svo og innréttingu.
5. Leyfilegt er að smíða innréttingu en það verður að vera án skarpra brúna, kanta eða hluta sem geta valdið skaða við óhapp.
6. Í framhurðum skal vera hurðaspjald.
7. Eldveggur verður að vera milli vélar og ökumanna.
8. Fjöðrun er frjál, þar með talið afstaða, fjöldi og lengd stífa.
9. Dempur eru frjál.
10. Bremsur og bremsuefni er frjálst.
11. Stýrisgangur er frjál, en tjakkstýri bannað.
12. Breytingar á fjöðrun, dempurum, bremsum og stýrisgangi skal standast sérskoðun fyrir breyttar bifreiðar!
13. Lofthreinsarar eru frjál og má vera án þeirra. Loftrás má aldrei draga loft innan úr ökumannsrými.
14. Drifhlutfall og driflæsingar frjál.
15. Gírkassi frjál.
16. Millikassi frjál.
17. Tryggilega festan auka varahjólbarða má vera með inni í eða utaná bifreiðinni.
18. Aukaljósbrúnaði má koma fyrir í pörum.
19. Bæta má við undirvagnsvörn.
20. Hásingar eru frjál.
21. Bensíntankur skal vera upprunalegur á upprunalegum stað. Heimilt er að setja tank inn í bílinn en þá skal hann vera í aðskildu rými frá ökumönnum. Ef lögleg bensíncella er notuð þarf ekki aðskilið rými.

4.4 Þyngd

Þyngd bifreiðar skal vera sú sama og var við upphaflegu skráningu bifreiðarinnar með þeirri vél er notuð er. Ekki skal léttá meira en um 100kg.

Lágmarksþyngd skal vera 1500kg. Ekki eru gefin frávik frá þeirri tölu.

4.5 Öryggisveltibúr

Fara skal í einu og öllu eftir reglum Fia um veltibúr og öryggiskröfur.

Reglur þessar munu taka gildi 10. apríl 2017.